

GIGTARORÐASAFN - SJÚKDÓMAR, MEÐFERÐIR, LYFJAFLOKKAR		
ENSKT HEITI	ÍSLENSKT HEITI	SKÝRING
achilles tendon	hásin	Sinin sem liggur upp af hælnum
ACE inhibitors	ACE hemjarar	ACE hemjandi lyf eru aðallega notuð til að lækka blóðþrýsting og minnka álag á hjartað
acetaminophen	parasetamól (heitið acetaminophen er notað í BNA og Kanada)	Ein tegund hitalækkandi og verkjastillandi lyfja
acupuncture	nálastungumeðferð, nálastunguaðferð	Meðferð af kínverskum uppruna, þar sem nálum er stungið í ákveðna staði á líkamanum, gjarnan til að stilla verki
adhesive capsulitis	samvaxtaliðþokabólga, liðþokabólga með samvöxtum	
aerobic exercise	þolþjálfun, loftháð þjálfun	Æfingar sem bæta súrefnisupptöku hjarta og lungna þannig að líkaminn allur fær meira af súrefnisríku blóði, og til að byggja upp sterkari vöðva. Dæmi um þess konar þjálfun eru gönguferðir, sund, eróbíkk, skíðaganga og hjóleiðar
aldolase	aldólasi	Vöðvaensím. Aukning aldólasa bendir til bólgusjúkdóms í vöðva eða vöðvum
allergic angiitis, allergic vasculitis	ofnæmisæðabólga	Bólga í smáæðum, veldur skemmd í mörgum líffærum
allergic arthritis	ofnæmisliðbólga	
allergic vasculitis, allergic angiitis	ofnæmisæðabólga	Sjá allergic angiitis
allopurinol	allópúríról	Allópúríról er lyf sem hindrar þvagsýrumyndun í líkamanum og minnkar þannig magn þvagsýru, bæði í blóði og þvagi
ANA	ANA (kjarnamótefni)	Sjá Anti-nuclear antibody
analgesics	verkjalyf	Efni sem hafa verkjastillandi áhrif
anemia	blóðleysi, blóðskortur,	Fækkun rauðra blóðkorna (skortur rauðra blóðfrumna) sem getur valdið einkennum s.s. svima, öndunarerfiðleikum, þreytu, höfuðverk og svefnleysi
angiography	æðamyndataka	Rannsókn með röntgenmyndatöku af innra byrði slagæða, einkum kransæða, til að meta ástand þeirra. Litlu magni litarefnis er sprautað í æðina og teknar röntgenmyndir. Litarefnið gerir það að verkum að æðarnar sjást á röntgenmyndunum
ankylo-	boginn, krepptur	Forskeyti í orðum, boginn, krepptur. Vísar til stífleika í lið
ankylosing spondylitis (AS)	hryggikt	Langvinnur gigtarsjúkdómur sem veldur stírðleika og verkjum í baki, hálsliðum og brjóstakassa og stundum einnig í útlimaliðum
ankylosis	stífliður, staurliður	Stírðleiki eða samruni í liðum
ankylosis of spinal joint	stífur hryggliður	

anti-nuclear antibody (ANA)	ANA (kjarnamótefni)	Mælist í blóðrannsókn til greiningar á rauðum úlfum eða öðrum bandvefsvillum. Jákvætt ANA bendir til sjálfsofnæmiskvilla en er ekki hægt að nota eitt sér til sjúkdómsgreiningar
anti-TNF	TNF-alfa hemlar	Flokkur líftæknilyfja sem bæla ónæmiskerfið með því að gera óvirkt ákveðið prótín sem veldur bólgu í liðamótum
antibiotics	sýklalyf, fúkalyf	Lyf sem hjálpa ónæmiskerfinu við að vinna bug á sýkingum
antibody	mótefni	
anticoagulant	blóðþynningarlyf	Lyf sem "þynna" blóðið og hindra storknun þess
antigen	mótefnavaki	Framandi efni sem vekur ónæmisviðbrögð ef það berst inn í líkamann
antineutrophil cytoplasmic antibodies (ANCA)	ANCA	Mótefni í blóði flestra sem þjást af Wegenerhnúðageri, sjúkdómi í efri hluta öndunarfæra, lungum og nýrum
antiphospholipid antibody	antifosfólípíð mótefni	Afbrigðileg prótín sem geta aukið hættu á storku blóðs
aquatherapy	vatnsþjálfun, vatnsleikfimi	Vatnsþjálfun er gjarnan léttari fyrir liði þar sem vatnið tekur við hluta álags á aum svæði samtímis því að þjálfa upp styrk.
arteritis	slagæðabólga	Samheiti yfir flokk sjúkdóma sem eiga það sameiginlegt að einkennast af bólgusvörun í slagæðum
artery	slagæð	Æð sem flytur blóðið frá hjartanu til annarra hluta líkamans
arthralgia	liðverkir, liðverkur	Verkir í einum lið eða fleiri
arthritis	liðbólga	Almennt hugtak, notað um bólgur í liðamótum, sem valda stíðleika, roða og verkjum. Einkenni í mörgum gigtarsjúkdómum
arthritis mutilans	eyðingarliðbólga	Eyðandi liðbólga sem tengist sóragigt, einkum í fremsta köggli í fingrum og tám, en tengist einnig verkjum í neðri hluta hryggjar og hálsi
arthrocentesis	liðástunga	Að draga vökva úr bólgnum lið með nál, til að rannsaka vökvann og greina kvillann, en getur líka minnkað þrýsting í liðnum og dregið þannig úr verkjum
arthropathy, arthrosis,	liðkvilli	Meinsemd eða sjúkdómur í lið eða liðum
arthroplasty	liðlöggun	
arthroscope	liðspegill liðsjá, liðholssjá	Tæki sem er þrætt gegnum skurð sem gerður er nálægt liðamótum, t.d. hné, til rannsóknar, greiningar og meðferðar á innri hluta liðs
arthroscopy	liðspeglun, liðsjárskoðun	Rannsókn á liðamótum með speglun
arthrosis	liðkvilli	Sjá arthropathy
articular	e-ð sem tengist lið eða liðum	
articular cartilage	liðbrjósk	
AS	hryggigt	Sjá ankylosing spondylitis
aspiration	útsog	Að draga vökva út úr líkamanum

autoimmune diseases	sjálfsofnæmissjúkdómar, sjálfnæmissjúkdómar	
autoimmunity	sjálfnæmi	Líka kallað sjálfsofnæmi
avian	frá fuglum	E-ð sem kemur frá fuglum (t.d. um fuglaflensu)
benign hypermobility joint syndrome (BHJS)	ofhreyfanleikaheilkenni	Algeng ástæða óþæginda í liðum eða vöðvum, sem stafar af slökum liðamótum og getur valdið verkjum, andvökum eða óþægindum
BHJS	ofhreyfanleikaheilkenni	Sjá benign hypermobility joint syndrome
biologic therapies (biologics)	líftækniylf	Lyf sem eru unnin úr lífverum, notuð í gigtarmeðferð. Þau verka á ákveðnar prótínsameindir í ónæmiskerfinu sem valda bólgu.
biopsy	vefjasýnistaka	Taka vefjasýnis til rannsóknar
blood clot	blóðstorka	Storknað blóð
bursa	belgur, hálabelgur, slímubelgur	Lokað rými eða poki, gjarnan undir vef eða sin, sem inniheldur liðslím
bursitis	belgbólga, hálabelgsbólga, slímubelgsbólga	Bólga í slímubelg
C-Reactive Protein (CRP)	C-viðbragðsnæmt prótín, C-virkt prótein, C-viðbragðsprótín	Prótín í blóði sem eykst við bólguástand. Mæling á því er notuð til að greina liðbólgu eða árangur meðferðar, t.d. gigtarsjúkdóma og sýkinga
calcium pyrophosphate (CPP) crystals	kalsíumpýrófosfatkristallar	Kristallar sem finnast í liðum sjúklinga með kristallagigt
capsulitis	liðpokabólga	
carpal tunnel syndrome (CPS)	heilkenni úlnliðsganga	Verkir og doði í fingrum, hendi og stundum framhandlegg eða öxl, sem stafar af þvingun miðtaugar í úlnliðsgöngum, sem ræður skynjun í lófa og fingrum
cartilage	brjósk	
CAT scan	tölvusneiðmyndataka	
central nervous system	miðtaugakerfi	Miðtaugakerfið samanstendur af heila og mænu
Charcot's or tabetic arthropathy	Charcotliðkvilli	Langvarandi liðskemmd sem tengist tilteknum skemmdum í miðtaugakerfi
chondrocalcinosis	brjóskköllun	
chondroitin	kondróítín	Kondróítín er náttúrulegt efni í líkama okkar, sem er unnið úr dýrabrjóski. Það getur stuðlað að endurbyggingu brjósks og minnkað verki hjá slitgigtarsjúklingum
chondropathies	brjóskkvillar	
chronic illness	langvinnur sjúkdómur, langvinn veikindi	
chronic synovial inflammation	langvinn liðbólga, langvinn liðslímubólga	
Churg Strauss vasculitis (CSV), Churg-Strauss syndrome	Churg-Strauss æðabólga, Churg-Strauss heilkenni	Afar sjaldgæfur sjúkdómur sem orsakast af bólgu í æðum og veldur skemmdum í mörgum líffærum. Algengast í nefi, nef-/ennisholum, lungum, hjarta, meltingarvegi og taugum
CK	kreatínínasi	Sjá creatine phosphokinase

clinical trial	klínísk prófun, klínísk rannsókn	
co-morbidities	fjölkvillar, fylgisjúkdómar (Tveir eða fleiri sjúkdómar sem fara saman (fylgjast að) hjá sama sjúklingi
collagen disease	bandvefssjúkdómur	
computed axial tomography (CAT scan)	tölvusneiðmyndataka	
congenital diseases	meðfæddir sjúkdómar	
contraindication	frábending	Ástand sem gerir notkun lyfs eða framkvæmd aðgerðar óæskilega
contralateral	hinum megin, öfugu megin (í líkamanum)	
corticosteroids	steralyf	Hraðvirk bólgueyðandi lyf, notuð til að draga úr bólgum og verkjum í liðum
COX-2 Inhibitors	COX-2 hemjandi lyf (Coxíbylf)	
coxarthrosis	mjaðmarslitgigt	
CPP	kalsíumpýrófosfatkristallar	Sjá calcium pyrophosphate
CPS	heilkenni úlnliðsganga	Sjá carpal tunnel syndrome
creatine phosphokinase (CK)	kreatínkínasi	Kreatínkínasi er vöðvaensím. Hátt gildi kreatínkínasa bendir til bólgusjúkdóms í vöðva, t.d. við fjölvöðvagigt, en finnst einnig eftir slys, gjöf stungulyfs í vöðva og við vöðvasjúkdóm vegna vanvirks skjaldkirtils
crepitus, crepitation	vefjamarr	
Crohn's disease	Crohnssjúkdómur, svæðisgarnabólga	Langvinnur bólgusjúkdómur sem herjar yfirleitt á neðri hluta smáþarma og/eða ristilinn en getur verið hvar sem er í þarminum
CRP	C-viðbragðsprótín, C-virkt prótín	Sjá C-Reactive Protein
crystal arthropathies	kristallaliðkvillar	
CSV	Churg-Strauss æðabólga, Churg-Strauss heilkenni	Sjá Churg Strauss vasculitis (CSV), Churg-Strauss syndrome
cyclolophosphamide	sýklófosfamíð	Krabbameinslyf sem skemma prótín sem stjórna vexti æxlisfrumna. Stundum notað í meðferð við sjálfsofnæmissjúkdómum
cyst	blaðra, belgur	Vökvaþyllt blaðra eða belgur undir húð
cytokine	frumuboði, frumuboðefni	Prótín, sem er myndað og seytt af frumum ónæmiskerfisins og hefur áhrif á hvernig frumur starfa
De Quervain's disease	De Quervains-sjúkdómur, De Quervains-skjaldkirtilsbólga, skjaldkirtilshnúðabólga, risafrumuskjaldkirtilsbólga	Langvinn skjaldkirtilsbólga með hnúðabólgu af óþekktum uppruna. Veldur bólgu og sársauka í sinum í þumalrótum
deep vein thrombosis (DVT)	djúpbláæðarstorka	Blóðtappi sem myndast í djúpliggjandi bláæðum í handlegg eða fótlegg
degenerative arthritis/degenerative joint disease (DJD)	slitgigt	Algengasta form gigtarsjúkdóma, sem veldur eyðingu á brjóski í líðamótum. Getur myndast nánast í hvaða liðamótum sem er, algengast í fingrum, mjöðmum, hnjám og hrygg

dermatomyositis	húðbólga, vöðvabólga	Bólgbreytingar í vöðvum og geta líka verið í húð, er gigtarsjúkdómur
dermatopolymyositis	húð- og fjölvöðvabólga	
diabetes	sykursýki	
diffuse fasciitis	dreifð sinafellsbólga, dreifð fellsbólga	
discoid lupus erythematosus	helluroði, staðbundinn helluroði	Húðvandamál sem birtast í útbrotum þar sem myndast roði sem oft klæjar undan og í sumum tilvikum myndast hrúður sem getur skilið eftir sig ör
disease modifying anti-rheumatic drugs (DMARDs)	sjúkdómstemprandi gigtarlyf (DMARD)	Lyf sem hægja á framvindu iktsýki og sóragigtar. Stundum kölluð "bremsulyf"
distal interphalangeal (DIP) predominant psoriatic arthritis	sóragigt í fingra- og táaliðum	Ein tegund sóragigtar, einkum í fremstu kjúkum í fingrum og tám
diuretics	þvagræsilyf	
DJD	slitgigt	Sjá degenerative arthritis/degenerative joint disease
DMARDs	sjúkdómstemprandi gigtarlyf (DMARD)	Sjá disease modifying anti-rheumatic drugs
dorsopathies	bakkvillar	
DVT	djúþbláæðarstorka	Sjá deep vein thrombosis
effusion of joint, joint effusion	vökvi í lið, liðvökvi	
electromyogram (EMG)	vöðva- og taugarafrit	Mæling á rafvirkni tauga og vöðva og getu þeirra til að flytja rafboð. Notuð til að greina skemmd á taugum.
ELISA	ELISA-próf, elísupróf	Sjá Enzyme-Linked ImmunoSorbent Assay
EMG	vöðvarafrit	Sjá electromyogram
enteropathic arthropathies	garnaliðkvillar	
Enzyme-Linked ImmunoSorbent Assay (ELISA)	ELISA-próf, elísupróf	Blóðrannsókn til að greina og mæla mótefni, m.a. til að greina Lyme-sjúkdóm.
eosinophils	eósínóflar, rauðkyrningur (í et.)	Hvítar blóðfrumur sem valda og viðhalda bólgu í öndunarvegi, t.d. vegna ofnæmisviðbragða
erosive (osteo)arthrosis	eyðingarslitgigt	
erythrocyte sedimentation rate test (ESR)	blóðsökk, blóðsökksrannsókn	Blóðrannsókn til mæla hve hratt rauð blóðkorn sökkva til botns í tilraunaglas. Því hraðar sem botnfallið er, þeim mun meiri er sýkingin. Aðferðin er notuð til að mæla framvindu iktsýki eða viðbrögð við meðferð.
ESR	blóðsökk, blóðsökksrannsókn	Sjá erythrocyte sedimentation rate test
Felty's syndrome	Feltysheilkenni, heilkenni Feltys	Liðagigt með miltisstækkun og fækkun hvítra blóðkorna
fibromyalgia syndrome (FMS)	vefjagigt, heilkenni vefjagigtar	Einkenni vefjagigtar eru langvarandi útbreiddir stoðkerfisverkir, þreyta og skert líkamlegt úthald. Oft eymsli við snertingu á tilteknum stöðum líkamans, s.k. eymslapunktum
fibrositis	vöðvagigt, trefjavefsbólga	

Finkelstein test	Finkelstein próf	Próf sem er oft notað til að greina de Quervains sjúkdóm.
FMS	vefjagigt, heilkenni vefjagigtar	Sjá fibromyalgia syndrome
frozen shoulder	frosin öxl	
gastrointestinal	e-ð sem tengist meltingarfærum (maga og görnum)	
GCA	risafrumuslagæðabólga, gagnaugaslagæðabólga	Sjá giant cell arteritis
giant cell arteritis (GCA), temporal arteritis	risafrumuslagæðabólga, gagnaugaslagæðabólga	Bólga í stórum og meðalstórum slagæðum í hálsi og á gagnaugasvæði. Bólgan getur þó komið fyrir víðar í líkamanum. Sjá líka temporal arteritis
glucocorticoids (steroids)	sykursterar	
glucosamine	glúkósamín	Fæðubótarefni, talið stuðla að nýmyndun brjósks og minni verkjum vegna slitgigtar
golfer's elbow	golfolnbogi	Golfolnbogi orsakast af bólgum í beinhimnuni á innanverðum olnboga á upphandleggsbeininu
gonarthrosis	hnéslitgigt, hnéliðkvilli	
gout	þvagsýrugigt	Sjúkdómur í liðamótum af völdum uppsafnaðrar þvagsýru, sem myndar kristalla í blóði, sem festast í liðnum og valda bólgu og mjög sárum verkjum. Oftast í stórutánni, en getur einnig verið í öðrum líkamshlutum
haemarthrosis	liðblæðing	
heart attack	hjartaáfall	
HJS	ofhreyfanleikaheilkenni	Sjá hypermobility joint syndrome
homeostasis	samvægi	Viðhald stöðugs líkamsástands, svo sem líkamshita eða sýrustigs í blóði
hyaluronic acid	hyalúronsýra	Hyalúronsýra er í liðvökva frá náttúrunnar hendi, smyr hnjáliðinn og virkar eins og höggdeyfir. Hyalúronsýru er oft sprautað í hné með slitgigt
hydrotherapy	vatnsþjálfun, vatnsleikfimi, vatnsmeðferð	
hydroxychloroquine	hýdroxýklórókin	Notað við malaríusýkingum og vissum bólgusjúkdómum, s.s. gigt. Slær á einkenni iktsýki og rauðra úlfa
hypermobility joint syndrome (HJS)	ofhreyfanleikaheilkenni	Algeng ástæða óþæginda í liðum eða vöðvum, sem stafar af slökum liðamótum og getur valdið verkjum, andvökum eða óþægindum eftir líkamsæfingar
idiopathic gout	frumkomin þvagsýrugigt	
idiopathic scoliosis	frumkomin hryggskekkja	
immune	ónæm(ur)	Varin(n) gegn sjúkdómum
immune system	ónæmiskerfi	Varnarkerfi líkamans gegn sjúkdómum
immunogenic	ónæmisvaldandi, ónæmisvekjandi	E-ð sem varðar eða veldur ónæmisviðbrögðum
immunosuppressant	ónæmisbælandi	

impingement syndrome	þrengslaheilkenni	Algengur kvilli í öxl eldra fólks. Veldur gjarnan stirðleika í öxl og veingu axlarvöðva
infectious arthropathies	smitliðkvillar	Liðkvillar af völdum örvera, annað hvort vegna beinnar sýkingar í lið þar sem örverur ráðast inn í háluvefi eða vegna óbeinnar sýkingar
infective arthritis	smitandi liðbólga	
inflammation	bólga	Viðbrögð líkamans við meiðslum eða sýkingu, lýsir sér oft í roða, þrota, hita eða sársauka
inflammatory polyarthropathies	bólguþjalliðakvillar	
intraarticular Injections	innþæling lyfs í lið	
Intravenous (i.v.)	í bláæð (um lyfjagjöf)	Oft skammstafað i.v. (lyf gefið í æð)
isometrics	kyrrstöðuæfingar, jafnlengdaræfingar	Æfingar sem styrkja vöðva án þess að beygja auma liði. Kyrrstöðuæfingar styrkja vöðvakerfi með því að spenna og slaka til skiptis.
isotonics	hreyfiæfingar	Styrkjandi æfingar með margendurteknum hreyfingum þar sem vöðvaspennan helst stöðug eða notuð er væg mótstaða með lóðum eða teygjum
joint	liðamót	
joint aspiration	liðútsog	Það að stungið er á liðholi með nál til þess að draga út vökva.
joint effusion	Sjá effusion of joint	
joint fluid	liðvökvi	
joint replacement surgery	liðskiptaaðgerð	
JRA	barnaliðbólga, barnaliðagigt	Sjá juvenile rheumatoid arthritis
juvenile ankylosing spondylitis	barnahryggigt	
juvenile rheumatoid arthritis (JRA)	barnaliðbólga, barnaliðagigt	
knee arthroscopy	hnéspeglun	
lumbar sympathetic block	lendadeyving, lendasemjudeyving	Ídæling deyfilyfs í taugavef í lendhrygg eða mjóhrygg til að eyða verkjum
lupus (systemic lupus erythematosus)	rauðir úlfar, helluroði	Sjúkdómur þar sem ónæmiskerfið ræðst á vefi í ýmsum hlutum líkamans, sem leiðir til skemmda á vefjum
lupus pericarditis	gollursbólga í rauðum úlfum	
Lyme disease	Lyme-sjúkdómur	Bakteríusýking af völdum skógarmítills. Getur valdið gigtarsjúkdómum, ásamt kvillum í hjarta, heila og taugakerfi
magnetic resonance imaging (MRI)	segulómun, segulóm skoðun	
malaise	vanlíðan, lasleiki	
menopause	tíðahvörf	
metacarpo-phalangeal (MCP) joint	hnúaliður	Liðamót milli efstu fingurkjúku og mðhandarbeins
monoarthritis	stök liðbólga, einliðarbólga, stakliðarbólga	Bólga í einum lið

morphine	morfín	Sterkt verkjalyf, verkar á viðtaka á taugafrumum, sem flytja boð um sársauka og hindra að boðin berist til heilans. Morfín hefur einnig bein sljógandi áhrif á heilann.
MRI	segulómun, segulómskoðun	
MSD	sjúkdómar í vöðva- og beinakerfinu	Sjá musculoskeletal diseases
musculoskeletal diseases (MSD)	sjúkdómar í vöðva- og beinakerfinu	
myositis	vöðvabólga	Bólga í vöðva (vöðvum)
necrotizing vasculopathy	drepmyndandi æðakvilli	
neuromuscular scoliosis	tauga- og vöðvahryggskekka	Ein tegund hryggskekku vegna afbrigðilegra vöðva eða tauga. Algengt hjá fólki með klofinn hrygg eða heilalömun eða af völdum kvilla sem valda lömun
neuropathic spondylopathy	taugvakinn hryggkvilli	
neurotransmitter	taugaboðefni	Efni í líkamanum sem flytur boð milli tauga
neutropenia	daufkyrningafæð	Lágt gildi hvítra blóðkorna, sem getur valdið skertri mótstöðu gegn sýkingum
nonpharmacologic therapy	meðferð án lyfja	Meðferð í lækningaskyni þar sem ekki eru notuð lyf, t.d. líkamsæfingar
nonsteroidal anti-inflammatory drugs (NSAIDs)	bólgueyðandi lyf án stera	Bólgueyðandi og verkjastillandi lyf án stera (NSAID-lyf), seld undir ýmsum heitum
NSAIDs	bólgueyðandi lyf án stera	Sjá nonsteroidal anti-inflammatory drug
OA	slitgigt	Sjá osteoarthritis
occupational therapist	iðjuþjálfari	
occupational therapy	iðjuþjálfun	
osteoarthritis (OA)	slitgigt	
osteoarthrosis	slitgigt	
osteomyelitis	beinsýking, beinbólga	
osteonecrosis	beindrep	
osteopathy	beinkvilli	
osteophyte	beingaddur	
osteoporosis	beinþynning	
PA	sóraliðagigt, psoriasisliðagigt	Sjá psoriatic arthritis
patella	hnéskel	
pericarditis	gollurshússbólga	
pericardium	gollurshús	Himnan sem umlykur hjartað
photosensitivity	ljósnæmi	Viðbrögð eða næmi fyrir ljósi
physical therapist	sjúkraþjálfari	
physical therapy	sjúkraþjálfun	
physiotherapist	sjúkraþjálfari	
physiotherapy	sjúkraþjálfun	
pleura	brjósthimna, fleiðra	Himnan sem umlykur lungun
PMR	fjöl-vöðvagigt	Sjá polymyalgia rheumatica
polyarthritis	fjölliðabólga	liðbólga í mörgum liðum

polyarthrosis	fjölliðaslitgigt	
polymyalgia rheumatica (PMR)	fjölvoðvagigt	Algengustu einkenni fjölvoðvagigtar eru verkir og stíðleiki í herðum, öxlum, mjöðmum og lærum. Stundum fylgir máttleysi þannig að fólk á erfitt með að ganga stiga eða rísa upp af stól
polymyositis	fjölvoðvabólga	Bólgubreytingar í vöðvum og geta líka verið í húð, er gigtarsjúkdómur
postinfective arthropathy	eftirsýkingarliðkvilli	
prednisolone	prednisólón	Prednisólón er virka efnið í ýmsum lyfjum sem eru notuð við bólgusjúkdómum. Það bælir myndun efna sem framkalla bólgur og virkja ónæmiskerfið og hefur almennt sömu áhrif og sykurstera
primary gout	frumkomin þvagsýrugigt	Sjá líka um þvagsýrugigt (en. gout)
prosthesis	liðgervi, gerviliður, gervilífæri	
pseudogout	kristallagigt, pýrófosfatliðkvilli	
psoriasis	sóri	Langvinnur húðsjúkdómur. Oftast er um að ræða rauðar skellur, örlítið upphleyptar og oft þaktar hvítu hreistri
psoriatic arthritis (PA)	sóraliðagigt, psoriasisliðagigt	Sóragigt einkennist af bólgu í sinafestum, sinaslíðrum og/eða í liðhimnum, oft með þeim afleiðingum að hreyfiskerðing verður í viðkomandi lið vegna liðskemmda. Auk þess hefur viðkomandi sjúklingur þekktar psoriasisbreytingar í húð eða nöglum
psoriatic arthropathies	sóraliðkvillar	
pulmonary embolism	lungnarek	Sjúkdómsástand þar sem blóðreki stíflar lungnaslagæð
pulmonary embolus	blóðreki í lunga, lungnareki	Tappi sem stíflar lungnaslagæð, hefur oftast myndast í bláæð í fótlegg og borist upp í lunga og stíflað blóðrás þar
pyogenic arthritis	graftarliðbólga	Ein tegund smitliðkvilla, liðkvilla af völdum örvera
RA	iktsýki (liðagigt)	Sjá rheumatoid arthritis
randomised controlled trial	slembuð prófun, slembistýrð prófun	
Raynaud's syndrome	Raynauds heilkenni	Orsakast af truflun í taugastjórnun á æðasamdrætti og blóðflæði við hitabreytingu. Í stað þess að smáar slagæðar víkka út við kulda eins þær eiga að gera, þá dragast þær saman og hindra blóðflæði út í fingur og tær og jafnvel hjá sumum til nefbrodds og eyrnasnepla
reactive arthritis	viðbragðsliðbólga, svörunarliðbólga, fylgigigt	Liðbólga vegna sýkingar annars staðar t.d. iðrasýking (fylgigigt). Fylgir ýmsum gigtarsjúkdómum
reactive arthropathies	svörunarliðkvillar	

Reiter's syndrome	Reitersheilkenni, Reiterssjúkdómur	Reiterssjúkdómur (fylgigigt) Með sjúkdómsheitinu fylgigigt er átt við að gigt komi í kjölfar sýkingar, yfirleitt nokkru eftir að einkenni sýkingarinnar eru um garð gengin
remission	sóttarhlé, sjúkdómshlé	
RF	sjá rheumatoid factor	
rheumatic fever	gigtsótt	Gigtsótt er einn af þeim fáu gigtarsjúkdómum sem á sér þekktu orsök (streptokokkar), sem eru penicillinnæmir sýklar og því hefur gigtsóttinni verið útrýmt að mestu hér á landi
rheumatoid arthritis (RA)	iktsýki (liðagigt)	Iktsýki nefnist í daglegu tali liðagigt og er einn af algengustu liðabólgujúkdómum
rheumatoid bursitis	iktarbelgbólga	
rheumatoid carditis	iktarhjärtabólga	
rheumatoid endocarditis	iktarhjärtapelsbólga	
rheumatoid factor (RF)	gigtarþáttur	
rheumatoid myocarditis	iktarhjärtavöðvabólga	
rheumatoid myopathy	iktarvöðvakvilli	
rheumatoid nodules	iktarhnökrar, gigtarhnútar	Hnúðar í húð fólks með iktsýki
rheumatoid pericarditis	iktargollurshússbólga	
rheumatoid vasculitis	iktaræðabólga	
rheumatologist	gigtarlæknir, gigtlæknir	
sacroiliitis	spjald- og mjaðmarbeinsliðbólga	
sarcoidosis	sarklíki	Einkennist af bólgu í líffærum. Bólgan er af ákveðinni gerð þar sem s.k. hnúðabólga myndast í þeim líffærum þar sem sjúkdómurinn hefur tekið sér bólfestu
scleroderma	herslishúð	
sclerosis	herslismein	
scoliosis	hryggskekkja	
sedimentation rate	blóðsökk, sökkhraði	Blóðrannsókn til að greina sýkingu eða bólgu í líkamanum
septic arthritis	graftarliðbólga	Graftarmyndandi sýking í lið
seronegative rheumatoid arthritis	sermineikvæð iktsýki	
seropositive rheumatoid arthritis	sermijákvæð iktsýki	
Sjögren's syndrome	heilkenni Sjögrens, Sjögrensheilkenni	Sjúkdómurinn getur lagst á hvaða slímhimnur líkamans sem er, jafnvel innkirtla (t.d. skjaldkirtillinn og nýrnahetturarnar). Sjúkdómurinn kemur annaðhvort fram einn og sér eða í tengslum við annan gigtarsjúkdóm, svo sem langvinna iktsýki eða rauða úlfa
SLE	rauðir úlfar	Sjá systemic lupus erythematosus
spinal enthesopathy	festumein í hrygg	
spinal osteochondrosis	beinklökkvi í hrygg	

spondylitis	hrygggigt, hryggikt, hryggliðabólga	Langvinnur gigtarsjúkdómur sem veldur stíðleika og verkjum í baki, hálsliðum og brjóstkaða og stundum einnig í útlimaliðum
spondylolisthesis	hryggjarliðsskrið	
spondylolysis	hryggjarliðslos	
spondylopathies	hryggkvillar	
spondylosis	hryggslitgigt	
spur	beinspori	
steroids (short for corticosteroids)	sterar (stutt fyrir barkstera)	Hraðvirk bólgueyðandi lyf, notuð til að draga úr bólgum og verkjum í liðum
strengthening exercises	styrkjandi æfingar	
stroke	heilablóðfall (slag)	
subchondral	staðsett undir brjóski	
subcutaneous injection	ídæling undir húð, húðbeðsdæling	Þegar stungulyf er gefið undir húð
supportive (assistive) devices	stuðningshlífar, stuðningsbúnaður	
synovial fluid	liðvökvi	
synovitis	hálahimnubólga	Bólgur í liðum geta valdið skemmdum á beini, sinum og brjóski
synovium	liðslíma, hálahimna, liðhála	Vefur sem fóðrar liði að innan og framleiðir liðvökva, sem smyr og nærir liðamót
systemic connective tissue disorders	útbreiddar bandvefsraskanir	
systemic disorder	útbreidd röskun	
systemic lupus erythematosus (lupus) (SLE)	rauðir úlfar	Rauðir úlfar eru sjálfsofnæmissjúkdómur sem getur lagst á allflest líffærakerfi og vefi líkamans en oftast verða húð, liðir, nýru, slímhimna eða taugakerfið fyrir barðinu á rauðum úlfum
systemic sclerosis	útbreitt herslismein	
TA	ósæðarbogaheilkenni	Sjá Takayasu's arteritis
Takayasu's arteritis (TA)	ósæðarbogaheilkenni	
temporal arteritis, giant cell arteritis (GCA)	risafrumuæðabólga, gagnaugaslagæðarbólga	Bólga í stórum og meðalstórum slagæðum í hálsi og á gagnaugasvæði. Bólgan getur þó komið fyrir víðar í líkamanum. Þessi sjúkdómur hefur á sömu aldursflokka og fjölvöðvagigt og kynjaskiptingin er svipuð
tender points (trigger points)	kveikjupunktur, eymslapunktur	Ákveðin svæði líkamans sem eru viðkvæm fyrir snertingu hjá þeim sem þjást af vefjagigt
tendinitis	sinarbólga	
tendon	sin	
tennis elbow	tennisolnbogi	Við síendurtekið, mikið og/eða rangt álag, geta myndast litlar rifur í vöðvafestunni sem geta valdið bólgu
tenosynovitis	sinaslíðursbólga, sinaskeiðabólga	
thrombocytopenia	blóðflögufæð, blóðflagnafæð	

thrombosis	blóðtappi	Blóðtappi hvar sem er í líkamanum, ástand eða ferill blóðsegamyndunar
thrombus	blóðsegi	
TNF	TNF alfa þáttur, æxlisdrepsþáttur	Sjá tumor necrosis factor
tophus	steinefnahnútur, þvagsýrugigarsteinn	
total joint replacement	heildarliðskipti	
training range	þjálfunarmörk, þjálfunarbíl	Það bíl sem þjálfað er á, þ.e. milli einhverra marka
transient arthropathy	skammvinnur liðkvilli	
trigger finger and thumb	gikkfingur	Erfiðleiki í að rétta úr fingrum eða þumli, en svo hrekkur fingurinn allt í einu í réttstöðu. Þetta stafar af þrengingu í sinaslíðrinu sem er í kringum beygjusinar fingranna og veldur oft eymslum lófamegin yfir hnúanefum
trigger points	kveikjupunktur, eymslapunktur	Sjá tender points
tuberculous arthritis	berklaliðbólga, berklaliðslímubólga	Lið- og liðslímubólga af völdum berkla
tumor necrosis factor (TNF)	TNF alfa þáttur, æxlisdrepsþáttur	Fjölskylda boðefna frá stórætum eða T-frumum með margslungin áhrif, einkum til að drepa æxlisfrumur
uric acid	þvagsýra	Þvagsýra er lokaafurð niðurbrots púrína, en þau finnast einkum í kjarnsýrum. Líkaminn brýtur niður púrín úr fæðu á sama hátt og þau sem myndast í líkamanum
vasculitis	æðabólga	Bólga í æðum, getur verið í slagæðum eða bláæðum
vasculopathies	æðakvillar	
vertebrae	hryggjarliðir	
viscosupplementation Injections	liðvökvameðferð, liðvökvabæting, liðseigjuinndæling	Meðferð þegar hýalúrónsýru er sprautað í liðamótin. Hýalúrónsýra er efni sem brjósfrumur mynda og er mikilvægt fyrir uppbyggingu liðbrjósksins og gefur liðvökvanum seigfljóttandi eiginleika.
Wegener's granulomatosis	Wegenerhnúðager, Wegener-hnúðabólgur	Sjálfsöfnæmissjúkdómur sem veldur einkennum og bólgum í öndunarvegi, gjarnan sem einkenni frá nefi og kinnbeins og ennisholum svo og lungum, en líka nýrum eða vöðvum og liðum
X-ray	Röntgenmyndataka	